

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf  
Silfurgötu 1  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

## Hittust á Sirkus og stofnuðu sirkus

Líffræðinginn Öldu Brynju Birgisdóttur grunaði ekki að hún myndi vinna við sviðslistir, hvað þá í sirkus. Sú varð þó raunin eftir að hún kynntist manni sínum, ástralska götulistamanninum Lee Nelson. Sirkus Íslands varð að veruleika og eftir það varð ekki aftur snúið. Húladrottningin Alda Brynja er í viðtali vikunnar.




— sjá bls. 8 og 9.



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 14. ágúst 2014 · 32. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

## Málverkasýning Eddu Heiðr- únar Bachman á Suðureyri



Þú færð



vörurnar  
hjá okkur



VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18  
Opið laugardaga 10-14  
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar  
í Hafnarstræti 9  
Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00



EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á eBOX.IS

eBOX  
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA  
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

E EIMSKIP  
eBOX



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði er stærsta eining nýrrar stofnunar.

# Fjórir sóttu um forstjórarstöðu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Umsóknarfrestur um stöðu forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða rann út um síðustu mánaðarmót. Fjórir umsækjendur eru um stöðuna, Bjarni Kr. Grímsson, verkefnastjóri Biskupsstofu, Gerður Björk Sveinsdóttir, skrif-

stofustjóri Tálknafjarðarhrepps, Gunnar Alexander Ólafsson, verkefnastjóri Öryrkjabandalagi Íslands og Þröstur Óskarsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Kristján Þór Júlíusson ákvað í sumar að sameina

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar og gengur sameiningin í gegn 1. október.

Tvær aðrar heilbrigðisstofnanir taka til starfa í haust að loknum sameiningum, Heilbrigðis-

stofnun Norðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurland. Bjarni Kr. Grímsson sótti um forstjórastöður við allar þrjár stofnanirnar og Þröstur Óskarsson sótti einnig um forstjórastöðu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

## Færði Ljósmyndasafninu gamlar myndir

Á dögum færði Ísfirðingurinn Magni Blöndal Pétursson Ljósmyndasafni Ísafjarðar, gamlar ljósmyndir og filmur úr búi Páls Guðmundssonar sem áður bjó að Túngötu 11, Ísafirði. Páll fæddist 17. desember 1893 að Þorfinnsstöðum í Þverárhreppi, Vestur-Húnavatns-sýslu, sonur hjónanna Ingibjargar Pálsdóttur og Guðmundar Árnasonar. Tvíbura-bróðir hans var Ingimundur Guðmundsson, síðar vélsmiður á Ísafirði. Páll ólst upp hjá foreldrum sínum í Saurbæ á Vatnsnesi en flutti til Ísafjarðar árið 1908 og bjó þar síðan. Ingimundur bróðir hans flutti einnig til Ísafjarðar og árið 1927, þegar Ingibjörg móðir þeirra var orðin ekkja, flutti hún til þeirra bræðra og hélt með þeim heimili í mörg ár. Árið 1930 reistu þeir húsið að Túngötu 11.

Páll lærði skósmíði hjá Þorbirni Tómassyni og hjá Ólafi J. Stefánssyni og stundaði lengi þá iðn. Þá fékkst hann um skeið við verslunarstörf en árið 1934 var hann ráðinn innheimtumaður bæjarins og gegndi því starfi til 1954. Upp frá því vann hann ýmis skrifstofustörf, mest hjá bæjarfélaginu. Páll var ókvæntur.

**Húsasmiðjan/Blómaval leita að fjölbæfum og duglegum starfsmanni til framtíðarstarfa í verslun okkar á Ísafirði.**



**Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta byrjað strax.**

### Ábyrgðarsvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Aðstoð í Blómavali eftir þörfum
- Vöruframsetning

### Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sköpunarhæfileikar
- Samskiptahæfni

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður  
Þjónustulund  
Sérþekking  
Liðsheild  
Áreiðanleiki**

Umsóknir berist fyrir 20. ágúst n.k. til [umsokn@husa.is](mailto:umsokn@husa.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes Kristjánsson [johkri@husa.is](mailto:johkri@husa.is), S: 660 3102

Öllum umsóknum verður svarað.



## Hrun í geitungastofnum

Ísfirðingar og nærsveitingar hafa ekki þurft að pirra sig mikið á geitungum í sumar enda hafa þeir varla sést. Dr. Þorleifur Eiríksson, dýrafræðingur, segir að geitungastofnar um allt land séu að hruni komnir. „Það hefur orðið algjört hrun um allt land. Holu- og húsageitungar sjást varla lengur. Minna ber á því hjá trágeitungum sem finnast um allt land og er sú tegund sem finnst hérna

fyrir vestan en þeim hefur samt fækkað verulega,“ segir Þorleifur. Hann segir að ástæða hrunsins sé ókunn.

„Það veit þetta enginn og erfitt að segja til um ástæðuna. Sennilegast er þetta þó kuldi og umhæypingar í vor þegar drottningarnar koma frjóvgaðar úr dvala. Það er sú skýring sem mér þykir sennilegust,“ segir Þorleifur.

– smari@bb.is

## Sigríður Lára framkvæmdastjóri HSV

Stjórn Héraðssambands Vestfirðinga hefur ráðið Sigríði Láru Gunnlaugsdóttur sem framkvæmdastjóra sambandsins. Hún tekur við starfinu af Pétri G. Markan sem er nýtekinn við sem sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. „Sigríður Lára er menntaður sjúkrahjálfari og hefur um árabíl verið einn af mátarstólpum vestfirsk-

ar íþróttafloðu. HSV bindur miklar vonir við ráðningu og störf Sigríðar Láru og óskar henni velfarnaðar í starfi. Þá vill stjórn HSV þakka fyrir þann mikla áhuga sem starfinu var sýndur og óskar öllum umsækjendum gæfu og gleði í komandi framtíð,“ segir í tilkynningu frá HSV.

– harpa@bb.is

# Skíðaferðir

Abtenau | Zell am See | St. Johann, Alpendorf  
| Steamboat Springs, Colorado



## VERÐDÆMI

Der Abtenau \*\*\*

Verð frá 118.600 kr.

miðað við tvo fullorðna í tvíbýli.

Ferðatímabil: 3.-10. janúar

**Nánar á skíðin á [uu.is/skidi](http://uu.is/skidi)**

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.  
Sími 585 4000 [www.uu.is](http://www.uu.is)





**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmaður:** Sigurjón J. Sigurðsson.  
**Blaðamenn:** Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is  
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, bb@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Höggva verður á hnútinn

Bæjarins besta telur að afstaða blaðsins í Teigsskógarmálinu hafi birst með skilmerkilegum hætti í leiðara 17. júlí síðastliðinn, þar sem kveðið var upp úr með að ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga gætu ekki lengur beðið, ekki lengur dregið lappirnar í pattstöðunni sem uppi er og því þyrfti að láta kné fylgja kviði, koma í veg fyrir að vegafraamkvæmdir á sunnanverðum Vestfjörðum, sem loksins hafa komist á skrið, stöðvist vegna þvergirðingsháttar embættismanna, grundvölluðum á ímyndaðri náttúruvernd, og sérhagsmunna fáeinna einstaklinga.

Aldrei er góð vísa of oft kveðin. Áréttung þessi er til komin vegna skrifta Einaris Kristins Guðfinnssonar, forseta Alþingis og þingmanns NV-kjördæmis. Nýverið lagði hann leið sína um Austur-Barðastrandasýslu, þar sem loks eftir áratuga bið styttist í lok varanlegra vegabóta í Múlasveit með um 16 km lagningu vegar með bundnu slitlagi og þverun tveggja fjarða, með brúargerð, framkvæmd sem frelsar vegfarendur frá hremmingum á um 24 km malarvegi, sem ekki nokkur sála saknar.

En þá kemur að því að höggva verður á hnútinn, sem sýnt er að ekki verður leystur með vitrænum hætti. Þingforsetinn segir: „Á þessu ári verðum við að taka ákvörðun um hvernig staðið verður að framhaldi vegagerðarinnar í Gufudalssveitinni, veg um Þorska-fjörð (Teigsskóg) um Hallsteinsnes og yfir á Skálanes (Melanes)“.

Þegar mikið liggur við þarf að taka djúpt í árinni: „Með góðu eða illu. Minni hagsmunir verða að víkja fyrir þeim meiri.“ Þegar forseti Alþingis reiðir til höggs með slíkum hætti með hættulegasta vopninu, pennanum, verður ætlast til eftirfylgni orða.

Auðvitað er það ekkert annað en linkind stjórnvalda, Alþingis, að hafa ekki fyrir löngu látið sverfa til stáls hvað Teigsskógarvitlæysuna áhrærir. Hvað sem öllum hrísluverndarákvæðum og lögfræðiflækjum líður, trúir ekki nokkur heilvita maður því í alvöru að hagsmunir íbúa byggðalaganna sem fyrirhuguð vegalagning nær til, séu ekki það, sem horfa beri til. Það er einfaldlega eitthvað meira en lítið að í samfélaginu, ef svo er ekki.

Vestfirðingar bíða í ofvæni eftir að eitt af fyrstu verkum Alþingis á komandi þingi verði verði framlagning frumvarps sem tryggir vegagerð í Þorska-firði samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar og vilja íbúanna.

s.h.

## Spurning vikunnar

Ferðu til berja?

Alls svöruðu 274.

Já sögðu 212 eða 77%

Nei sögðu 62 eða 23%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Ásgeir og Magnús Reynir með harmonikkuna.

# Harmonikkusafnið einstakt

Hjónin Ásgeir S. Sigurðsson og Messíana Marsellús dóttir afhentu á föstudag tvö hundruðustu harmonikkuna á Harmonikkusafni Ásgeirs S. Sigurðssonar. Harmonikkann sem var afhent var í eigu Magnúsar Reynis Guðmundssonar og fékk hann hana að gjöf frá foreldrum sínum þegar hann ungur að árum. Árið 2008 afhentu Ásgeir og Messíana Byggðasafni Vestfjarðar safn sitt til varðveislu og segir Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafnsins að safn þeirra hjóna sé ákaflega merkilegt.

„Þetta er eitt stærsta safn í sinni röð. Það eru ekki til mörg harmonikkusöfn í heiminum og ég get fullyrt að það sé ekki víða sem jafn margar nikkur eru samankomnar,“ segir Jón. Þegar Ásgeir og Messíana afhentu safnið árið 2008 voru hljóðfærin um 140 og hefur safnið vaxið jafnt og þétt síðan. Auk fjölda hljóðfæra eru mörg þeirra einstök sem gerir safnið eitt af merkilegri söfnum landsins.

Þrátt fyrir að Byggðasafnið sé með safnið undir sínum verndarvæng þá eru þau hjón enn viðloðandi safnið. „Þau eru okkur alveg ómetanlega við að hlúa að safninu. Ásgeir er hérna eins mikið og hann getur að gera við nikkur á verkstæðinu og hlúa að hljóðfærunum,“ segir Jón. Ekki er hægt að sýna nema hluta safnsins í einu. Um fjórðungur af nikkunum er til sýnis hvert sumar í Turnhúsinu í Neðstakaupstað og svo er skipt um harmonikkur á hverju ári. Jón segir að fágætar nikkur séu inn á milli eins og ein ítölsk Cellini harmonika sem ekki eru til mörg eintök af og mjög

gömul hljóðfæri frá miðbik 19. aldar.“

Safnið í Neðstakaupstað er fyrst og fremst sjóminjasafn og segir Jón það fara vel saman að

sýna harmonikkur á sjóminjasafni. „Þetta fer býsna vel saman, það skynja allir þessa tengingu,“ segir Jón Sigurpálsson.

– smari@bb.is

## Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

### Starfsmenn í aðhlyningu

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði óskar eftir að ráða starfsmenn í aðhlyningu í eftirtalin störf:

**Á öldrunardeild** í afleysingarstöður frá 15. september 2014 til 1. febrúar í 50-100% stöðuhlutfalli, eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Rannveig Björnsdóttir, deildarstjóri í síma 450 4500 eða á netfanginu rannveig@hvest.is.

**Á heimahjúkrunardeild** í 50-80% stöður frá 1. september 2014, eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða morgunvaktir, kvöldvaktir og helgarvaktir þriðju hverja helgi.

Upplýsingar veitir deildarstjóri heimahjúkrunardeildar, Halldóra Hreinsdóttir, í síma 456 4515 og 860 7441, netf. halldora@hvest.is.

Vinsamlegast sendið umsóknir fyrir 18. ágúst 2014 til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, b.t. Hörður Högnason, Torfnesi, 400 Ísafirði.

Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.hvest.is, undir viðkomandi starfsauglýsingu eða í afgreiðslu á Torfnesi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

Auglýsingasíminn er  
**456 4560**



Verð  
**11.999**  
krónur



Verð  
**19.999**  
krónur



Verð  
**19.999**  
krónur



Verð  
**16.999**  
krónur



Verð  
**15.799**  
krónur



VILDARVERÐ  
**16.999**  
krónur



Verð  
**16.999**  
krónur



Verð  
**19.999**  
krónur



Verð  
**19.999**  
krónur



Verð  
**13.999**  
krónur



Verð  
**19.999**  
krónur



Verð  
**9.999**  
krónur

**ÞJUPJÁLFAR**  
OKKAR AÐSTOÐA  
PIG VIÐ VAL Á  
SKÓLATÖSKUM.

**15. ÁGÚST**  
KL. 16-18

**22. ÁGÚST**  
KL. 16-18

EYMUÐSSON ÍSAFIRÐI  
**MIKIÐ ÚRVAL**  
AF SKÓLAVÖRUM Á  
[www.eymundsson.is/skoli](http://www.eymundsson.is/skoli)



Verð  
**7.999**  
krónur



Verð  
**9.999**  
krónur



**DÚNDUR**  
**TILBOÐ!**

Vildarverð  
**9.899**  
krónur

Verð áður: 19.999 kr.

**5%** afsláttur af ÖLLUM  
VÖRUM einnig tilboðum



Álfabakka 14b, Mjódd  
Akranesi - Dalbraut 1  
Penninn - Hallarmúla 4

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77

Smáralind  
Strandgötu 31, Hafnarfirði  
Keflavík - Sólvaðlagötu 2

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Kringlunni



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tilboðið gildir frá 14. ágúst til og með 17. ágúst eða meðan birgdir endast. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# „Ólíðandi að börn séu drepin“

Fjölmennt var á Silfurtorgi á Ísafirði í síðustu viku þegar blóðbaðinu á Gaza og framferði Ísraelsmanna var mótmælt. Það var áhrifamikil að sjá barnaföt hengd á snúru sem lá umhverfis torgið en þau tákna þann fjölda barna sem Ísraelsher hefur drepit í árásum sínum en þau eru fleiri hundruð talsins. Ólína Þorvarðardóttir og Gísli Halldór Halldórsson fluttu ræður og Herdís Magnea Hubner flutti valin ljóð úr ljóðabókinni Viljaverk í Palestínu. Fundarstjóri las kveðju sem fundinum barst frá Sveini Rúnari Haukssyni, formanni Félagsins

Ísland - Palestína.

„Mörg hundruð börn liggja í valnum. Börn sem voru leidd í skjól í athvörfum Sameinuðu þjóðanna, lágu við sofandi við hlið foreldra sinna þegar sprengjunum var beint að þeim, með hernaðartækni sem Ísraelsmenn hafa beitt af djöfullegri nákvæmni. Skipti eftir skipti, ekki sjaldnar en sex sinnum á síðustu vikum, hafa þeir sprengt upp flóttamannaathvörf á vegum Sameinuðu þjóðanna, vitandi fullvel hver fórnarkostnaðurinn yrði,“ sagði Ólína m.a. í ræðu sinni.

Hún tók fram að Ísland væri



lítið og vanmáttugt á alþjóðamælikvarða „en við getum a.m.k. sýnt vanþóknun okkar á þessum ódæðisverkum. Og það gerum við hér í dag með því að hugsa til barnanna á Gaza, þeirra sem dóu, en ekki síður allra hinna sem bera sárin - á líkama og sál.“ Krafan er alveg skýr, sagði Ólína: „Við krefjumst þess að brjálæðinu linni – ekki bara vegna almennra borgara í Palestínu og Ísrael, heldur heimsins vegna – mennskunnar vegna. Brjálæðinu verður að linna.“

Í ræðu sinni reyndi Gísli Halldór að greina meginmarkmið stefnu stríðandi fylkinga á Gaza. Hann sagði að svo virtist að Ísrael vilji eyða byggð Palestínumanna á Gaza með síendurteknum árásum og eyðileggingu á stöðkerfi samfélagsins. „Það læðist líka að manni sá grunur að stefna stríðsfylkinga Palestínumanna sé fyrst og fremst að vinna sér fylgi meðal andstæðinga Ísraelsríkis, sýna vaska framgöngu í blóðugu stríði og afla sér þannig fjárstuðnings til styrkingar eigin hernaði,“

sagði Gísli Halldór.

Lokaorð Gísla Halldórs voru á þessa leið: „Maður hefur alltaf einhverja valkosti, stundum eru þeir allir slæmir og þá velur maður þann skásta. Lausn sem felur í sér þvílíkar hörmungar og þær sem eiga sér stað á Gaza getur ekki talist ásættanleg í okkar augum. Lausn sem felur í sér þvílíkan hrylling ætti heldur ekki að vera ásættanleg í augum Ísraelsríkis. Skilaboðin mín eru einföld: Vinsamlegast finnið ykkur aðra leið, þessi er ófær.“

Capacent Ráðningar

## UMSJÓNARMAÐUR



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
Við erum til taks

Landhelgisgæsla Íslands leitar að umsjónarmanni við Ratsjár- og fjarskiptastöðina Bolafjalli. Starfið felur í sér daglega umsjón og eftirlit þ.m.t. viðhald svæða, búnaðar, tækja og mannvirkja.

### Helstu verkefni:

- Öryggis- og svæðisgæsla
- Viðbrögð við bilunum í rekstrarbúnaði, vélum og tækjum ásamt almennu viðhaldi
- Umsjón með ferðum og flutningi starfsmanna
- Eftirlit og umsjón með varahlutalagerum og birgðum
- Eftirlit með verktakavinnu, umhverfismálum og umsjón með bifreiðum, snjósleðum og vinnuvél
- Almenn húsvarsla og önnur verkefni í samráði við yfirmann

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Menntun eða færni sem hentar í starfi s.s. iðnmenntun, æskileg
- Almenn íslensku- og enskukunnátta
- Vinnuvélapróf og bílpróf skilyrði
- Reglusemi, nákvæmni og snyrtimennska

Umsækjendur þurfa að standa kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Einnig skal starfsmaður uppfylla skilyrði fyrir öryggisheimild samanber reglugerð nr. 959/2012.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent



**BLÁBERJADAGAR**  
BLUEBERRY FESTIVAL  
22. - 24. ÁGÚST

# BLÁBERJADAGAR Í SÚÐAVÍK

Komdu í útileigu á bláberjahátíð  
[blaberjadagar.com](http://blaberjadagar.com)

Frítt tjaldsvæði og frábær  
fjölskylduskemmtun alla helgina

Lifandi útimarkaður

Opið knattspyrnumót

Knattspyrnuæfing með  
kempum og grill á eftir

Hestar

Tónleikar

Varðeldur og söngur

Ball fyrir litla og stóra

Bláberjauppskriftarkeppni

Bláberja- Messa & Bláberja- Taxi

Tónleikar með Mugison  
í grjótnámunni

...og margt fleira

KOMDU OG **BERJAÐU ÞIG Í MÓ** MEÐ OKKUR!

# Líffræðingur og trúður hittust á Sirkus og stofnuðu sirkus

Öldu Brynju Birgisdóttur óraði aldrei fyrir því þegar hún var yngri að hún myndi vinna við sviðslistir, og hvað þá í sirkus. Sú varð þó raunin eftir að hún kynntist manni sínum, ástralska götulistamanninum Lee Nelson, sem stofnaði fyrsta sirkus Íslendinga og hefur hún verið hluti af honum og komið fram á hinum ýmsu sýningum Sirkuss Íslands. Í sumar lagði sirkusinn land undir fót, ferðaðist um landið með stærðarinnar sirkustjald og gladdi landann með sannri sirkusmenningu og tilheyrandi upplifun.

Ísafjörður var einn viðkomustaða sirkussins í sumar, en þar sem Alda Brynja og Lee eignuðust son þann 17. júní hefur hún staðið utan sýninganna þetta sumarið. Þegar sirkusinn hélt frá Ísafirði varð hún hér eftir ásamt börnunum, en hún er ættuð að vestan og dvaldi hér vestra oft á tíðum sem barn og unglingur.

Blaðamaður Bæjarins besta hitti Öldu yfir kaffibolla og forvitnaðist um tilurð íslenska sirkussins, ástina og lífið, og hvernig það kom til að líffræðimenntaður náttúrufræðikennari hljópst á brott með sirkusi.

## Sjö ára uppbygging

Sirkus Íslands hefur verið starfræktur síðan haustið 2007 og samanstendur af fjölbreyttum hópi hæfileikaríks fólks í ýmsum greinum sviðslista. En vísirinn að sirkusnum var einfaldlega sá að Lee Nelson, eiginmaður Öldu, var að leita að einhverju til að hafa fyrir stafni eftir að hann fluttist til landsins.

„Sirkusinn byrjaði í raun á því að maðurinn minn, sem er sirkuslistamaður, hélt handstöðutíma í Kramhúsinu, en stór hluti þeirra sem sóttu það námskeið eru í sirkushópnum enn í dag. Það var byrjunin og svo hlóð þetta utan um sig. Þó nokkrir hafa bæst í hópinn síðan þá og í dag fáum við að æfa í Ármanni þar sem er frábær aðstaða.

Starfsemin hefur verið að byggjast upp hægt og rólega í þessi sjö ár og svo var það í fyrria þegar haldin var skandinavísk sirkushátíð í Vatnsmýrinni á vegum Norræna hússins að við fengum að sýna í fyrsta sinn í alvöru sirkustjaldi. Þá fæddist hugmyndin um það hversu æðislegt það væri ef sirkusinn ætti sitt eigið tjald. Við ákváðum að leita til landans að hjálpa okkur með

þennan nýja sirkusdraum og stofnuðum til fjáröflunar á Karolina Fund. Þá gat fólk ánaðnað okkur upphæð, en í staðinn fengið miða á framtíðarsýningar í tjaldinu ef söfnunarupphæð myndi nást.

Það var lítið að gerast í fjáröfluninni til að byrja með og í raun vorum við að missa alla trú á þessu verkefni þegar þremur dögum fyrir lok hennar birtist viðtal við mig á Stöð 2. Þar komust skilaboðin skýrt til landans og söfnunin fór í blússandi gang. Það var hreint ótrúlegt að fylgjast með þessu. Íslendingar stóðu þétt við bakið á okkur, voru ólmir að fá sirkustjald og við enduðum með að ná settu marki söfnunarinnar. Og nú er sirkustjaldið, hún stórfenglega Jökla okkar, orðin að veruleika.“

## Mikið fyrirtæki að ferðast um landið

Sirkusinn hefur vakið mikla lukku á ferð sinni um landið og er ætlunin að halda áfram sýningarferðalaginu næsta sumar.

„Í ár er það Ísafjörður, Akureyri, Reykjanes og Selfoss auk Reykjavíkur. Svo stefnum við á að fara austur á næsta ári. Það er stórt verkefni að ferðast um landið með tjald og allt tilheyrandi, en um tuttugu manns starfa við sýningarferðalagið. Sirkuslistamennirnir ganga sjálfir í öll störf, hvort sem um ræðir afgreiðslu í sjoppunum, miðasölu, matreiðslu fyrir hópinn og uppvask eða uppsetningu tjaldsins. Starfsemi sirkussins sjálfs telur þó fleiri en þá sem eru á sirkustúrnum, því auk sýninga býður Sirkus Íslands upp á andlitsmálningu og blöðrulistir auk kennslu fyrir börn í sirkuslistum.

Á Ísafirði var mjög góð aðsókn og hópnum fannst gaman að koma hingað vestur. Margir höfðu aldrei komið hingað áður og hópurninn var mjög hrifinn af móttökunum og staðnum sjálfum. Ég á von á því að við komum aftur með sirkusinn og vonandi bara sem fyrst.“

## Leesdóttir en ekki Leesson

Alda Brynja og Lee Nelson eiga saman börnin Róbert Þór Nelson og Brynju Lind Leesdóttur, auk þess sem Alda átti fyrir soninn Einar Loga Magnússon.

„Ástæðan fyrir því að börnin eru með sitt hvort eftirnafnið er sú, að okkur mannum mínum

fannst ekki passa að dóttirin yrði Nelson, því samkvæmt íslenskum hefðum ætti hún ekki að vera -son heldur bera fornafn föðursins. Þegar sonurinn fæddist fannst síðan Lee ómögulegt að strákurinn væri Leesson og fékk hann því eftirnafnið Nelson og heldur þannig fjölskyldunafninu á lofti, sem afinn í Ástralíu er afar ánægður með.“útskýrir Alda.

– En hvernig er að ala upp börn samhliða sirkuslífinu?

„Það þarf óneitanlega að skipuleggja allt betur þegar börnin eru annars vegar, en allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi og við ætlum okkur að taka þau með á túrinn næsta sumar. Ætli við finnum okkur ekki bara góða barnapíu eða au pair til að fylgja okkur á ferðalaginu og sinna börnunum meðan við foreldrarnir erum á sviði. Það eru fleiri en við í sirkushópnum sem eiga börn og oft fylgja börnin með á æfingar og sýningar. Fyrir þeim er lífið einfaldlega svona, og þeim finnst þetta allt ofureðlilegt. Börn eru svo fljót að aðlagast og oftast er þetta mjög skemmtilegt umhverfi fyrir þau að vera í.“

Sonurinn kom í heiminn 17. júní, á háannatíma sirkusforeldra sinna, og því ákvað Alda Brynja að fylgja sirkusnum ekki áfram á næsta áfangastað heldur að vera eftir á Ísafirði hjá foreldrum sínum.

„Foreldrar mínir eru héðan að vestan, pabbi minn hann Birgir Hermannsson er úr Ögurvík en alinn upp á Ísafirði frá sex ára aldri. Móðir mín Alda Sigtryggsdóttir er hreinræktaður Ísafirðingur.

Ég hef aldrei búið á Ísafirði en alltaf verið hér með annan fótinn frá unga aldri, komið í heimssóknir, skíðað á páskunum og vann hér öll sumur í frystihúsunum á unglingsaldri. Enn í dag reyni ég að koma alltaf á páskum og mér finnst ómissandi að koma hingað á sumrin. Það er alltaf svo gott að koma hingað vestur þar sem fjöllin umvefja mann.“

## Líffræðingur og heimsvanur trúður fundu ástina á Sirkus

Alda ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík og fór í líffræði eftir menntaskóla.

„Ég er líffræðingur að mennt og var að kenna náttúrufræði þegar ég kynntist Lee árið 2006. Hlutirnir þróuðust þannig að ég hætti að kenna og undanfarið ár

hef ég alfarið verið að vinna fyrir sirkusinn.“

Lee er frá Ástralíu og ætlaði upphaflega að dvelja á Íslandi í tvo mánuði. Það var fyrir átta árum, en áætlanir hans breyttust eftir að hann kynntist Öldu.

„Við kynntumst á bar sem heitir Sirkus, eins skondið og það er. Hann ákvað í kjölfarið að prófa að búa hér á landi, en hann hafði ferðast víða um heim með trúðinn sinn, Wally. Hann var búinn að vera á Flandri um allan heim og hafði komið fram sem götulistamaður í yfir hundrað löndum, en hafði lengi langað til að heimsækja Ísland.“

En hvernig kom það til að Alda varð húladrottning í sirkus?

„Ég var alltaf í fimleikum sem krakki og hafði í raun aldrei fundið neitt sem kom í staðinn fyrir það þó ýmislegt hafi verið prófað, svo sem badminton, líkamsrækt og blak. Þegar Lee fór af stað með handstöðutímuna á sínum tíma og seinna sirkusæfingarnar, þá mætti ég að sjálf-sögðu, enda fannst mér þetta mjög skemmtilegt. Á einhverjum tímamarki fór Lee að yta að mér húlahringjunum, sagði að flestar stelpurnar í sirkusskólanum hefðu elskað að hulla. Ég fór að reyna við þetta, og jú, viti menn, innan skamms gat ég gert nokkur trix, og þá varð ekki aftur snúið. Ég varð óð í að læra meira og fyrr en varði var ég orðin húladrottningin í sirkusnum. Ég bjóst nú ekki við um þrítugt að hlaupast á brott með sirkus, en þannig ætlaðist það.“

Alda hefur æft ýmislegt annað en hulla með sirkusnum, helst þá loftfimleika, og var á sýningum síðasta árs að sveiflast um í silkiborða sem hangir úr loftinu. Fyrir utan að sýna með sirkusnum hefur Alda einnig verið að kenna listina að hulla í Kramhúsinu. „Ég hef sótt húlaráðstefnur erlendis þar sem ég lærði heilmikið og hitti fullt af öðrum húlurum sem deildu ást minni á hringnum. Þar sá ég að til eru heilu húlasamfélögin og ég gerði mér grein fyrir að ég var ansi einangruð hér á Íslandi, ein að hulla.

Nú er draumur minn sá að koma á húlasamfélagi hér á landi og þess vegna kenni ég að hulla. Ég er nú þegar búin að ná að smita smáhóp kvenna af bakteríunni sem eru búnar að taka hringinn inn í sitt líf. En strákar geta líka hullað og ég bíð spennit eftir að

fyrsti karlmannshúlari Íslands stígi fram.“

## „Skinsemi“ er bönnuð börnum

„Sýningararnar okkar byggjast á mörgum litlum atriðum og því er ansi mikið sem ber fyrir augu sýningargesta. Til dæmis eru átján atriði í stóru fjölskyldusýningunni okkar, svo það er töluverð upplifun fyrir þá sem sækja sýninguna. Margt af því sem við erum að gera hefur aldrei sést áður á Íslandi. Við komum sjálfum okkar í raun á óvart á sirkushátíðinni í fyrria þegar okkur varð ljóst að við gáfum atvinnusirkuslistamönnum frá Skandinavíu ekkert eftir.

Þetta var mjög flott hátíð þar sem fengin voru tjöld að utan og nokkrir hópar komu og sýndu. Við vorum mörg hver svoltíð stressuð fyrir því að sýna á hátíðinni, en komumst svo að því að við vorum ekkert síðri en hinir hóparnir og það eflaði og styrkti mjög sjálfsmynd okkar. Það var frábært að fá þennan samanburð þar sem hann er ekki að finna á Íslandi.

Í sumar höfum við verið með þrjár sýningar í sirkustjaldinu, í fyrsta lagi stóru fjölskyldusýninguna okkar „Heima er best“ sem ætluð er fyrir alla fjölskylduna. Svo erum við með S.I.R.K.U.S. sem er sýning miðuð að yngri kynslóðinni, en hún er styttri og má segja dempaðri en fjölskyldusýningin. Síðast en alls ekki síst er fullorðinssýningin Skinsemi sem er bönnuð börnum og samanstendur af óvæntum atriðum og fullorðinshumor.

Það er skemmtilegt að geta sýnt margar mismunandi hliðar sirkussins og hafa allar sýningararnar verið vinsælar. Við erum nú að sýna Skinsemi í tíunda sinn og Reykvíkingar farnir að þekkja sýninguna frekar vel. Því var mjög gaman að fara með hana út á land þar sem fólk kannski veit ekki alveg hverju það á von á,“ segir Alda Brynja og hlær.

„Almennt er sirkusinn mikið að skemmta á árs hátíðum, í partíum, á starfsdögum og skólahátíðum og við hin ýmsu tilefni. Við erum því búin að þróa sýningar fyrir alls konar viðburði. Þar sem við erum einnig með andlitsmálara og blöðrulistamenn á okkar snærum, auk þess að eiga popp og kandíflossvélur, þá bjóðum við allt sem til þarf til





að setja upp skemmtilega hátíð. Þeir sem koma að undirbúningi viðburða eru einmitt að átta sig á því að það þarf ekki lengur að leita til margra aðila til að bjóða upp á allsherjar karnivalstemningu, heldur erum við með allan

pakkann.“

#### **Björt framtíð í sirkuslistum**

„Fyrir utan það að skemmta og setja upp viðburði rekur sirkusinn skóla fyrir börn og unglunga þar sem kenndar eru hinar ýmsu

sirkuslistir. Sirkuskennsla hentar mörgum krökkum betur en hefðbundnar íþróttir þar sem ekki er um að ræða þessi sífelldu mót og keppni. Í sirkus er maður aðeins að keppa við sjálfan sig að læra meira og verða flinkari, og það

verður að eins konar fíkn, má segja. Sirkusæfingar eru mjög góðar fyrir börn og unglunga þar sem reynir mikið á einbeitingu og samhæfingu sem allir hafa gott af að æfa.“

Alda segir sirkusinn sífellt vera

að vaxa og dafna.

„Nokkur úr sirkushópnum sækja nú nám í sirkuslistum í Hollandi. Þau stefna á framtíð í þessu, sem er mjög jákvætt. Það má því eiga von á bjartri framtíð í sirkuslistum á Íslandi.“



# Flateyri vinsæl hjá kvikmyndagerðarmönnum

## Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

### Sjúkraliðar

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði óskar eftir að ráða sjúkraliða í eftirtalin störf:

**Á legudeildir** í afleysingastöður frá 15. september 2014 til 1. febrúar í 50-100% stöðuhlutfalli, eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar gefur Rannveig Björnsdóttir, deildarstjóri í síma 450 4500 eða á netfanginu rannveig@hvest.is.

**Á heimahjúkrunardeild** í 50-80% stöður frá 1. september 2014, eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða morgunvaktir, kvöldvaktir og helgarvaktir þriðju hverja helgi.

Upplýsingar veitir deildarstjóri heimahjúkrunardeildar, Halldóra Hreinsdóttir, í síma 456 4515 og 860 7441 eða á halldorah@hvest.is.

Vinsamlegast sendið umsóknir fyrir 28. ágúst 2014 til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, b.t. Hörður Högnason, Torfnesi, 400 Ísafirði.

Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.hvest.is, undir viðkomandi starfsauglýsingu eða í afgreiðslu á Torfnesi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

„Flateyringar eru höfðingjar heim að sækja,“ segir Sindri Páll Kjartansson, kvikmyndaframleiðandi í samtali við Fréttablaðið. Sindri er framleiðandi myndarinnar París norðursins sem tekin var upp að mestu leyti á Flateyri í fyrra. Hann hefur ekkert nema gott að segja um tillitsemi Flateyringa en kvikmyndaökur eru heilmikið batterí og segir Sindri að ekkert mál hafi verið að fá Flateyringa til að fresta að slá blettinn ef sláttuvélin truflaði tök. „Eiginlega fengum við að slökkva nokkrum sinnum á bænnum,“ segir Sindri. Þess má geta að Sindri bjó á árum áður á Ísa-

firði en hann er sonur Kjartans Sigurjónssonar skólastjóra og organista í Ísafjarðarkirkju.

Sindri segir að í svo litlu samfélagi gefist ekki vel að taka upp símann þegar komið er að reddingum. „Það er betra að fara í bíltúr, þá hittir maður menn þannig að þetta reddast allt á rúntinum,“ segir hann. Nálægðin á sér líka spaugilega hlið. Sindra og félögum vantaði hund í myndina og þegar hann var búinn að finna heppilegan hund, eftir dauðaleit í nærsveitum, til að leika á móti aðalleikaranum þá sagði hund-eigandinn: „Það þarf að venja hann fyrst að leikaranum. Hver

er þessi leikari?“ Hún fékk þau svör að sá hét Helgi Björnsson. „Nú, Helgi bróðir, hundurinn þekkir hann nú.“

Flateyri er vinsæl hjá kvikmyndagerðarmönnum um þessar mundir en leikstjórinn Rúnar Rúnarsson er að taka upp myndina Prestir um þessar mundir, að stórum hluta á Flateyri en einnig í nágrennabyggðarlögun. Ekki stendur á bæjarbúum þegar vantar fólk fyrir framan tökuvélin. Nú ætlar t.d. Bryndís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Arctic Odda, að taka að sér hlutverk prestsins í kvikmynd Rúnars.

– smari@bb.is

## Hnúfubakur með bauju og belg í eftirdragi

Hnúfubakur krusar Ísafjarðardjúp þvert og endilagt með bauju og belg í eftirdragi. Pétur Jónsson skipstjóri á Einari Hálfðans ÍS, sem að þetta sé býsna furðuleg sjón. Skipverjaar á Sigga Bjartar ÍS frá Bolungarvík voru að draga línu í Ísafjarðardjúpi á miðvikudag í síðustu viku þegar í ljós og að baujan og belgurinn var horfinn og það vantaði 30 metra á endafærið. Skömmu síðar sáu þeir baujuna og belginn á fleygi-ferð á haffletinum í eftirdragi hnúfubaks og virtist færið hafa flækst í sporði hvalsins.

Daginn eftir var Pétur að leggja línu á sömu slóðum og sá hann



þá bauju og belg sem honum fannst furðulegt því ekki vissi hann af neinni línu á þessum slóðum. „Svo tekur belgurinn bara á rás og hásetinn sem var með mér var einmitt á Sigga Bjartar daginn áður og hann áttaði sig náttúru-

lega á að þarna var hvalurinn aftur á ferð,“ segir Pétur. Hann segir gríðarmikið af hval í Djúpinu. „Oft hefur verið mikið af hval í Djúpinu en ég hef aldrei séð eins mikið og núna,“ segir Pétur.

– smari@bb.is

Sælkeri vikunnar er Dagný Hermannsdóttir á Ísafirði

## Fiskisúpa og mömmubollur

Góð súpa er eitt það besta sem ég fæ. Ég er mjög dugleg að bjóða vinum og fjölskyldu í mat og þá slær þessi fiskisúpa alltaf í gegn. Þessa uppskrift fékk ég hjá mömmu minni og auðvitað klikka uppskriftirnar hennar aldrei. Gott er að hafa heimabakað brauð eða bollur með súpunni, þessi uppskrift hefur fylgt mér síðan ég fór að heiman, þetta eru bestu bollur í heimi, njótið!

### Fiskisúpa

- 1-2 stk laukar
- 2-4 tsk karrý
- 4 dl vatn

- Kartöflur
- Gulrætur
- 1-2 grænmetiskraftur
- 1 dós tómatar
- 1/2 dós ferskjur ásamt safa
- 2 1/2 dl rjómi
- Fersk basilíka
- Fiskur að eigin vali (settur í lokin)
- Kryddað og smakkast til eftir smekk
- Laukur og karrý látið malla í smjöri/olíu. Kartöflur, gulrætur, kraftur og vatn sett út í og soðið í ca 10 mínútur. Ferskjur, rjómi og fiskur sett í lokin.

### Mömmubollur

- 5 dl mjólk
- 30 gr smjörlíki
- 1 poki ger
- 1 mtsk sykurl
- 1-2 tsk salt
- 1/2 litil dós kotasæla
- 650 gr.hveiti
- Hitið 30 gr smjör og mjólk saman í potti. Bætið þurrefnunum saman við en ekki allt hveitið, ca helminginn. Kotasælunni bætt út í og látið hefast í ca 1 klst. Restin af hveitinu er sett út deigið í lokin.

Ég skora á Írisi Pétursdóttur að vera næsti sælkeri vikunnar.



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



the berry company  
Goji berry  
No artificial colours, No preservatives, No artificial sweeteners

**VERÐLÆKKUN 61 kr.**  
Verð áður 359 kr.

**298**  
kr. 1 ltr.

BONUS  
Trönuberjadrykkur  
1000 ml

**NÝTT Í BÓNUS**

**179**  
kr. 1 ltr.

LAMBKÓTILETTU  
300 kr. lækkun pr.kg  
verð áður 2298 kr.kg

**KJARNAFÆÐI**

**1998**  
kr. kg

Kjarnafæði Frosnar lambakótilettur í raspi

ISLANDS LAMB  
Ferskt lambafillet

**3798**  
kr. kg

ISLANDS GRIS  
FERSKT GRÍSAKJÖT

**698**  
kr. kg

Íslandsgrís Ferskt grísahakk

**NÝTT Í BÓNUS**

BONUS  
Snappy  
Chocolate cereal puffs

BONUS  
Daksi  
HONEYINGS CEREALS

**459**  
kr. 750g

Bónus morgunkorn 750g

**25% afsláttur**  
Verð áður 398 kr.

**299**  
kr. 625g

Kjarnafæði Frosið sparhakk 625g

BÓNUS Kjúklingur  
Leggir

**698**  
kr. kg

Bónus ferskir kjúklingaleggir

**KJARNAFÆÐI**

LAMBALÆRISNEIÐAR  
1 FL. MITHLÆRISNEIÐAR

**EINGÖNGU miðlæris-sneiðar**

**1998**  
kr. kg

Kjarnafæði Grill lambalærisneiðar 1.fl.

BÓNUS Kjúklingur  
Læri

**698**  
kr. kg

Bónus fersk kjúklingalæri

nórðanískur  
FROSNIR Laxabitar íslenskir beinhreinsaðir m.roði

**1898**  
kr. kg

nórðanískur  
SJÓFRYST Ýsuflök roð og beinlaus

**1398**  
kr. kg

BÓNUS Kjúklingur  
Bónus ferskur heill kjúklingur

**759**  
kr. kg

Coca-Cola light  
Coca-Cola  
Coca-Cola zero  
Mountain Dew

**198**  
kr. 1,5 ltr.

**198**  
kr. 2 ltr.

BÓNUS Bacon

**1598**  
kr. kg

Daily Chef  
100% Liquid Egg Whites

**298**  
kr. 454g

Amerískar Eggjahvítur 454g

Authentic Asia  
AROMATIC CRISPY DUCK  
A whole boneless crispy aromatic duck with 24 pancakes and hoisin sauce.  
Simply add spring onions and cucumber

**2895**  
kr. kassinn

Crispy önd - matur fyrir 4

AFGREIÐSLUTÍMI  
FIMMTUDAGUR  
11:00-18:30

# BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI  
FIMMTUDAGUR  
11:00-18:30



# Ferðamönnum fjölga á Látrabjargi

Fjölgun ferðamanna sem skoða Látrabjarg er látlaus. Hákon Ásgeirsson, svæðislandvörður á sunnanverðum Vestfjörðum, segir að engar tölur séu haldbærar um fjölda ferðamanna í sumar en þeim hafi klárlega fjölgað. „Við gerðum gróflega talningu í júlí í fyrra og hún gaf okkur að fjöldinn

var 10 þúsund manns í júlí sem má gróflega áætla sem 40 þúsund manns allt árið í fyrra. Ferðamönnum hefur klárlega fjölgað í sumar og þeim hefur fjölgað frá ári til árs í nokkurn tíma,“ segir Hákon. Þrátt fyrir að Látrabjarg sé stórt þá er þungi ferðamanna aðallega á frekar litlu svæði í

kringum Bjargtanga. Hákon segir að engin aðstaða sé til staðar til að taka á móti öllum þessum fjölda og átroðningur orðinn talsverður. Það stendur þó til bóta.

Vesturbyggð hefur fengið 14 milljón króna styrk til að byggja upp aðstöðu. Fyrst þarf þó að deiliskipuleggja svæðið og von-

ast Hákon til að skipulagið verði samþykkt í haust og þá verði hægt að fara í framkvæmdir. Hann segir mögulega skýringu á aukningu á fjölda ferðamanna vera opnun nýs hótels á Patreksfirði í fyrra. Ferðamenn sem koma á Látrabjarg fara flestir á tvær aðrar náttúruperlur á Suður-

fjörðunum, Rauðasand og Dynjanda. „Það er sama á Dynjanda og á Látrabjargi. Átroðningur er orðinn mikill og það hefur fengist sjö milljón króna styrkur til að byggja upp göngustíga,“ segir Hákon Ásgeirsson, svæðislandvörður.

– smari@bb.is

# Sérkennilegasta fólkið í Bolungarvík?

„Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að það sem við höldum að sé ósköp venjulegt og sjálfsagt, það er raunar mjög sérkennilegt í stærra samhengi, til dæmis að allar konurnar á þorablótinu séu klæddar í íslenskan búning og karlarnir líka,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir verkefnastýra Vestfirðings um þær upplýsingar sem safnað var í Bolungarvík í síðustu

viku. Hún segist hafa lært margt nýtt og ótrúlega spennandi á fundinum enda Bolvíkingar miklu meira spennandi en Ísafirðingar vilji vera láta, bæði opinberlega og almennt. „Og þá er svo gaman að upplifa að það sem manni þótti skringilegt af afspurn er í dag sérkennilegt á jákvæðan hátt, eitthvað til að vinna með, eitthvað fróðlegt sem kallar á skapandi

hugsun og endurmat á sögunni, eins og hann Finnbogi Bernóðsson er svo einstaklega góður í.“

Fundarmenn virtust að sögn Elísabetar bara nokkuð ánægðir með samkomuna, svo ekki sé nú minnst á hið safaríka sjávarfang sem Núps-bræðurnir útbjuggu úr bolvísku hráefni fyrir fundargesti. „Endurmatið á sögunni og það að lyfta upp hlugmyndum

sem við gjarnan gleymum alltof auðveldlega, það er svo hollt. Hér í Bolungarvík er elsta verstöð landsins, en einnig elsta verslunin, Bjarnabúð, allt þar á margan hátt *originalt* út í gegn, hægt að gera hana að lifandi safni *ánóinu*, og svona mætti áfram telja. Starfsmenn Vestfirðings-verkefnisins er mjög bjartsýnir á framhaldið og vona að þeim verði

áfram komið á óvart, fund af fundi. „Það væri nú lítið varið í þetta allt saman ef maður kemst upp með að halda að Bolvíkingar séu sérkennilegasta fólkið á Vestfjörðum svo vikum skiptir. Næst höldum við til Súðavíkur og þeir gera örugglega sitt besta til að afsanna það.“ Gert er ráð fyrir að fundaröð Vestfirðings standi nokkuð fram á haustið.

## Fiskeldi - lax og þorskur

Liðlega sjö þúsund manns eru búsett á Vestfjörðum, bæði af íslenskum og erlendum uppruna. Lítið hefur fjölgað síðustu árin, en fækkað verulega síðustu áratugi og er það miður. Atvinna hefur mikil hrif á búsetu fólks á Íslandi og reyndar um allan heim. Hún er grundvöllur þess að fólk geti lifað og notið þess lífs sem það óskar sér. Sjávarútvegur hefur breyst mjög síðustu áratugi og fiskvinnsla einnig. Afleiddum störfum hefur fækkað með mikilli fækkun frystihúsa og fiskvinnslustöðva. Frystitogarar hafa í raun flutt landvinnu út á sjó. Það er ekki gagnrýnt því án framfara í sjávarútvegi gerist fátt. Auðvitað verður fólk hugsað til kvótakerfisins í þeim efnunum. En þá má einnig velta fyrir sér ákvörðun manna sem hlut áttu að máli í þeim efnunum. Erfitt var að sjá fyrir allt sem fylgdi kvótasetningu. En sumir líkt og Samherjastjórnendur á Akureyri gerðu sér grein fyrir aðalatriðum eða að minnsta kosti veðjuðu rétt við kvótasetningu og hafa notið þess. Nú er fyrir dyrum að byggja nýja togara í Tyrklandi. Fróðlegt er að skoða breytingar á fiskiskipum og áhersluna á betri nýtingu orkugjafa í þeim efnunum.

Síðast var vikið að ferðapjónustu sem einum kosti í uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum, en jafnframt bent á hættur sem

henni kunna að vera samfara og þá einkum varðandi verndun náttúrunnar. Annað stórkostlegt tækifæri að því er best verður séð liggur í fiskeldi. Einkar ánægjulegt hefur verið að fylgjast með starfsemi Hraðfrystihússins Gunnvarar í þorskeldi og laxeldi á sunnanverðum vesturfjörðum Vestfjarðakjálkans og íbúafjölgun á Bíldudal. Nú liggur fyrir að aukning í þorskeldi HG kann að hafa í för með sér allt að fimm milljarða aukningu tekna í þessum geira. En stækkun fiskeldis fyrirtækisins er háð því að tilskilin leyfi fái.

Með sama hætti vekja hugmyndir um mikla aukningu laxeldis á Austfjörðum athygli. Með því að efla fiskeldi má skapa störf „í landi“, sem renna stöðum undir samfélagið og efla landsbyggðina og styrkja. Íbúum fjölga þá væntanlega og styrkur þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga, vex að sama skapi. Sé lítið til afleiddra starfa og margföldunaráhrifa þeirra má gera ráð fyrir því að íbúum fjölgi enn meira en störfin við fiskeldið eitt segja til um.

Á þessu sviði sem öðru er brýnt að taka mið af áhrifum fiskeldis á náttúruna og að því verður að gæta að stíga varlega til jarðar eða öllu heldur til sjávar í þessum efnunum. Tækifærin blasa við og þau ber að nota en af sjálfsögðu af skynsemi líkt og gildir hjá HG.

### Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

# Eldi getur tvöfaldað veltu HG

Vinnsla regnbogasilungs í Ísafjarðardjúpi getur tvöfaldað veltu Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. að sögn Kristjáns G. Jóakims-sonar, verkefnisstjóra fiskeldis hjá HG. Í viðtali í fréttum Stöðvar 2 segir Kristján að gangi allt eftir, geti tekjur vegna fiskeldis numið

allt að 5 milljörðum króna á ári. Fyrirtækið sótti árið 2011 um að fá að framleiða 7000 tonn af regnbogasilungi en erfiðlega hefur gengið að fá tilskilin leyfi og málið flækst um í stjórnslunni í tæp þrjú ár. Kristján segir að fyrirtækið eigi von á svári í haust

en ljóst er að gríðarleg verðmæti eru í húfi.

„Kílóíð af laxi og regnbogasilungi hefur verið innan við 1000-800 krónur, syndandi fiskur við kví af rétri stærð. Þannig að þetta gæti auðveldlega verið verðmæti upp á rúma fjóra, fimm millj-

arða.“ segir Kristján. Hraðfrystihúsið Gunnvör vinnur um 11 til 12 þúsund tonn af slægðum fiski á ári. Aukning um 7000 tonn af regnbogasilungi myndi því stórkæfa umsvif fyrirtækisins. Kristján segir að mikil vaxtartækifæri séu í fiskeldi og með takmörkuð-

um kvótum sé fiskeldi sú leið sem stjórnendum HG finnst fýsilegust til að vaxa í framtíðinni. Hann segir að sé horft á heimsmyndina komi aukning á framleiðslu sjávarafurða frá eldi en heimsaflinn hefur staðið í stað.

– smari@bb.is

## Framkvæmdir hafnar við Fossárvirkjun

Framkvæmdir eru hafnar við nýtt stöðvarhús Fossárvirkjunar í Engidal í Skutulsfirði og lagningu nýrrar þrýstípípu frá Fossavatni. Vestfirskir verktakar reisa stöðvarhúsið og Tígur ehf. sér um lagningu þrýstípunnar. Samanlagt voru tilboð fyrirtækjanna tveggja upp á tæpar 129 milljónir króna. Lagning vatns-

pípu skal lokið í október og verklok stöðvarbyggingar um miðjan nóvember.

Fossavatnsvirkjun í Engidal var reist árið 1936 og Nónhornsvirkjun tíu árum síðar af Rafveitu Ísafjarðar. Þær veittu íbúum Ísafjarðar og Eyrarhrepps rafmagn um áratugaskeið.

– smari@bb.is



Nýja stöðvarhúsið stendur utar en gamla stöðvarhúsið.



Vinna við gröft og lagningu regnvatnslagna ásamt hellulögn við Aðalstræti og Austurveg á Ísafirði er nú á lokametrunum.

## Framkvæmdir á lokametrunum

Vinna við gröft og lagningu regnvatnslagna ásamt hellulögn við Aðalstræti og Austurveg á Ísafirði er á lokametrunum. Í breytingu á skipulaginu, Eyrin á Ísafirði – Austurvegur, sem tekur til lóðar Grunnskólans á Ísafirði við Aðalstræti og Austurveg, Austurvegar 2, 9 og 11 og Silfur-

götu 1 og 3 auk aðliggjandi hluta gatna og almenningsgarðsins Austurvallar, er tengingu Aðalstrætis og Austurvegar breytt þannig að akstursleiðin verður rýmri en áður. Gert er ráð fyrir að gatan verði einstefna til suðurs, nema næst Silfurgötu, þar verður áfram tvístefna. Þessi leið,

þ.e. frá Austurvegi að Aðalstræti 33 verður jafnframt lokuð fyrir vélknúinni umferð milli kl. 07.40 og 14 þá daga sem starfsemi er í GÍ.

„Hellulögning er búin í bili, síðan er meiningin að bæta við einhverju svæði upp við skólalóðina, sem sagt helluleggja þar

sem enn er opið sár eins og er. Förum í það líklega í næstu viku. Það átti að koma girðing þarna en hún verður ekki. Svo verða bílastæðin malbikuð næsta sumar,“ segir Bjarni Jóhannsson eigandi Gröfubjónustu Bjarna ehf. sem sér um framkvæmdirnar.

– harpa@bb.is

## Djúpmanna- tal á lokastigi

Unnið hefur verið að samantekt á Djúpmannatali í mörg ár. Verkið er nú á lokametrunum og segist Ólafur Hannibalsson, ritstjóri bókarrinnar, vonast til að bókinni komi út á þessu ári. „Það eru eftir samningar um útgáfu og umbrot og allt slíkt en verkið er á lokastigi“ segir Ólafur. Í bókinni verða ættartölur í stafrófsröð yfir ábúendum í Ísafjarðardjúpi á árunum 1801 til 2011. „Þeir sem stóðu fyrir búi í þrjú ár eða lengur eiga að vera í bókinni ásamt örstuttu æviágripi hvers og eins og með fylgja myndir af ábúendum frá 1965 sem Jón Aðalbjörn tók á sínum tíma,“ segir Ólafur.

Það er Félag Djúpmanna sem stendur fyrir útgáfunni og á hún sér langan aðdraganda. Félagið var stofnað árið 1954 og á aðalfundi tveimur árum síðar var hreyft við því að skrifa sögu ábúenda við Djúp.

## Í sumum tilfellum er haft í hótunum við starfsfólk

Nokkuð algengt er að starfsfólk á félagssvæði Verkálýðsfélags Vestfirðinga sem ráðið er til starfa í ferðaþjónustu og á veitingastöðum sé boðin vinna á „jafnaðarkaupi“, að því er fram kemur í pistli á vefsíðu félagsins. „Jafnaðarkaup er ekki til samkvæmt kjarasamningum og því

óheimilt að semja um slíkt við starfsfólk. Ekkert virðist skorta á hugmyndarflug hvað er sett inn í jafnaðarkaupið. Hafa sumir ferðaþjónustuaðilar gengið svo langt að reikna fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eða jafnvel orlof starfsmanna inn í jafnaðarkaupið. Í sumum tilfellum er haft í hótun-

um við starfsfólk ef það hyggst leita aðstoðar stéttarfélags.

Algengasta hótunin er uppsögn eða að haldið verði eftir af launum ef starfsfólk sættir sig ekki við þau kjör sem að þeim er rétt. Því miður er algengt að áhersla sé lögð á að halda stéttarfélagi utan við launamál og aðbúnað

starfsmanna þegar kemur að ráðningu. Því miður koma alltof mörg svona mál inn á borð hjá stéttarfélögum á hverju sumri og fer starfsfólk Verk Vest ekki varhluta af því,“ segir ennfremur. Því miður er það oftast ungt fólk eða þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði sem verða

fyrir að þeim er brotið.

Þá er farið nokkur atriði sem starfsfólk er ráðlagt að hafa í huga þegar kemur að ráðningu. Sem dæmi að prufudagar án launa eru ólöglegir, allir nýir starfsmenn eigi að gera skriflegan ráðningasamning, skylda sé að greiða í lífeyrissjóð og fleira.



# Enn fækkar nemendum

L		Í		F		S		O		R		K		A	
V		O		G		P		Í		S		T		R	
O		S		T		G		L		Ó		P		A	
P		Á		T		T		U		R		Y		Ý	
E		I		G		R		A		O		F		R	
I		Ð		J		A		A		M		I		K	
A		F		A		R		P		R		E		M	
P		R		Ö		S		K		U		L		D	
U		N		S		N		Æ		R		I		N	
R		K		A		R		T		R		U		K	
F		I		R		R		A		N		A		N	
L		I		N		A		R		Á		R		M	
I		Ð		N		A		S		K		I		B	
A		Ð		K		O		M		A		G		A	
M		E		N		K		A		N		I		L	
F		Í		G		Ú		R		A		D		Á	

Nemendum Grunnskólans á Ísafirði fækkar á milli ára. Í fyrra stundaði 351 nemandi nám við skólann en í vetur er ráðgert að þeir verði 335-340. Í vor útskrifuðust 43 börn frá skólanum og 36 ný börn hefja nám í haust. Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, segir þróunina hafa verið á þessa leið í nokkur ár. Einnig flytja nokkur börn frá Ísafirði og önnur koma í staðinn. Í haust hefja 36 börn nám í fyrsta bekk á móti 25 nemendum í fyrra. Skóla- setning Grunnskólans á Ísafirði fer fram 22. ágúst.

## Yordan valinn slökkviliðsstjóri

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur skipað Yordan Slavov Yordanov, fjárbónda, í starf slökkviliðsstjóra sveitarfélagsins en hann var áður varaslökkviliðsstjóri. Yordan flutti frá Búlgaríu til Ísafjarðar vorið 1996 og þaðan til Súðavíkur tveimur árum síðar. Hann hefur mjög virkur í samfélaginu í Súðavík og setið í ýmsum nefndum sveitarfélagsins. Hann er aðalmaður í jafnréttisnefnd, framkvæmdaráði samkomuhúss Súðavíkur og eftir skipanina í starf slökkviliðsstjóra situr hann í sameinaðri almannavarnarnefnd. Þá situr hann í stjórn Fasteignafélagsins Langeyri ehf. sem er í eigu Súðavíkurhrepps.

## Misgóð berjaspretta

Útlit er fyrir góða berjasprettu á Norðurlandi og Austfjörðum enda hefur tíðin verið afskaplega hagstæð á þeim slóðum. Á Facebook-síðunni berjavinir kemur fram að útlitið sé gott í Álftafirði við Ísafjarðardjúp en Bláberjadagar verða haldnir í Súðavík eftir viku. Kristel Þórðardóttir skrappt upp á hlíðina fyrir ofan Súðavík á þriðjudag og segir á Berjavinum að útlitið sé gott og að bláberin séu langt á eftir aðalbláberjunum í þroska.

### smáar

Einbýlishús til leigu í vetur eða frá mán. ágúst/september. Húsið er fullbúið húsgögnum og er með fjórum svefnherbergjum. Ekki má reykja í húsinu. Uppl. í síma 661 7338.

Til sölu er vel með farin Canon EOS7D myndavél með rafhlöðugripi. Einnig 10-22 mm gleiðlinsa. Uppl. í síma 892 5362.

## Sudoku prautilir

	7		4		8	9	3	2
					3			
8	9		2			7	4	
9	6					2		
	1	4			5			
		7			2	8	9	
				8		5	2	1
	5				9		8	3
	8			2			7	

5	6		4	9	8			2
	4		1		2	6	5	
		1					8	4
		4	6		9	2	1	5
	2		3					8
8	9			1		3	4	6
	8	3	7	5			2	
		2	9			8		1
	1					5		

# Þjónustuauglýsingar

**JAKOB VALGEIR EHF**  
 Grundarstíg 5  
 415 Bolungarvík  
 450 7700

**H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf**  
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

**HEKLA** **Söluumboð á Ísafirði**  
 Þjónusta í heimabyggð frá 1983

**GÖX HÚSASMÍÐI ehf**  
**Bolungarvík**  
 ☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

**Öll almenn húsmíði**  
 Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði [www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)

**ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf**  
 Sími í Bolungarvík 450 7900  
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**BÍLAVERKSTÆÐI SB**  
 SINDRAGÖTU 3  
 SÍMI: 456-3033

**SMURSTÖÐ**  
**VARAHLUTAVERSLUN**  
**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR

**GÚTTÓ ehf**  
 Sílfurgötu 1  
 400 Ísafirði  
 Sími: 456 4560  
 Netf.: honnun@bb.is

**HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**  
 - sjálfbær niðring sjávarauðlunda

# 25% afsláttur af LA-Z-BOY hægindastólum

# LA Z BOY®

18 MISMUNANDI  
HÆGINDASTILLINGAR

MEST SELDI  
HÆGINDASTÓLL  
Í HEIMI



LA-Z-BOY  
STOFNAÐ  
1928



LA Z BOY®

## Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplífðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.



**59.990**  
FULLT VERÐ: 79.990

**EMPIRE** La-Z-boy stóll.  
Áklæði fjórir litir.  
B:80 D:70 H:102 cm.



**82.490**  
VERÐ: 109.990

**ASPEN** La-Z-boy stóll. Svart, grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.  
B:80 D:85 H:102 cm.



**89.990**  
FULLT VERÐ: 119.990

**AROS** La-Z-boy stóll. Grátt, brúnt eða ljóst áklæði.  
B:85 D:90 H:107 cm.



**89.990**  
VERÐ: 119.990

**RIALTO** La-Z-boy stóll. Svart, grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.  
B:80 D:85 H:102 cm.

**20%  
afsláttur  
af allri  
gjafavöru**



**119.990**  
VERÐ: 159.990

**ASPEN** La-Z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.  
B:80 D:85 H:102 cm.



**134.990**  
VERÐ: 179.990

**PINNACLE** La-Z-boy stóll.  
Leður fimm litir.  
B:80 D:85 H:104 cm.



**149.990**  
FULLT VERÐ: 199.990

**CARDINAL** La-Z-boy stóll.  
Svart leður. B:96 D:100 H:107 cm.



**199.990**  
FULLT VERÐ: 269.990

**BRANSON** La-Z-boy stóll.  
Brúnt leður.  
B:100 D:100 H:108 cm.



**HÚSGAGNAHÖLLIN**  
fyrir lifandi heimili

**EKKI MISSA  
AF ÞESSU!**

[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

**Betra  
BAK**

Leggðu grunn að góðum degi

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opíð virka daga frá kl. 12-18